

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

17. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 27. september kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Steinn Ingi Kjartansson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Elín Gylfadóttir.

Bragi Þ Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna, setti fundinn og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Staða skipulagsmála og áforma um atvinnuuppbyggingu innan Langeyrar. Byggingafulltrúi gerir grein fyrir stöðu skipulagsins.
2. Fundargerð 5. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 24.9.2019. Sveitarstjórn samþykkir fundargerð samhljóða. Sveitarstjórn bókar einnig eftirfarandi: Samþykkt er að setja aðalskipulag 2018-2030 í auglýsingu sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr, 123/2010 ásamt síðari breytingum að teknu tilliti til athugasemda Skipulagsstofnunar og að deiliskipulag í Hattardal, Hattardalsvirkjun við Hattardalsá, verði auglýst samhliða.
3. Fundargerðir félaga og samlaga til kynningar og staðfestingar. Lagt fram til kynningar og auglýst sem liður næsta reglulega fundar sveitarstjórnar ásamt gögnum.
4. Skipun nefndarmanns – barnavernd. Sveitarstjórn ákveður að skipa Dagbjörtu Hjaltadóttur sem aðalmann í barnaverndarnefnd. Steinn Ingi Kjartansson situr hjá við atkvæðagreiðslu.
5. Staða skipulagsmála - aðalskipulag. Greinargerð byggingafulltrúa.

Sveitarstjórn ákveður að setja í auglýsingu Aðalskipulag Súðavíkurhrepps **2018-2030** í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010 að teknu tilliti til þeirra ábendinga sem fram komu frá Skipulagsstofnun og bætt hefur verið úr í skipulaginu.

Þá verði deiliskipulag við Langeyri og deiliskipulag Hattardals vegna Hattardalsvirkjunar jafnframt auglýst samhliða til samræmis við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Staða húsnæðismála.

Sveitarstjóra falið að skoða þá kosti sem eru tiltækir við að reisa þrjár íbúðir sem fallið geta undir reglugerð um sérstakt framlag ríkisins og nýjar lánareglur Íbúðalánasjóðs vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Sveitarstjóra er jafnframt falið að kanna hvernig þeir kostir falli að innkaupareglum Súðavíkurbrepps.

7. Vegagerð; veghald, viðgerðir og hafnarmál.

Staða hafnarmála kynnt sveitarstjórn.

8. Kynning – leigutaki Ísafjarðarár heldur kynningu á starfsemi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:00.

Elín Gyldfadóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Elsa G. Borgarsdóttir

Steinn Ingi Kjartansson

Samúel Kristjánsson
oddviti